



## 386. Fundargerð Skaftárhrepps

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar fimmtudaginn 20. ágúst 2015.

Fundur hefst **kl. 13:00 á Kirkjubæjarstofu**

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 6 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir breytingum á dagskrá, að við málefnskrá bætist við málefni til umfjöllunar og fundargerðir til samþykktar.

Málefni til umfjöllunar

18. Aðalfundur Hulu b.s.

19. Úttekt á aðgengi fatlaðs fólks á opinberum byggingum í Skaftárhreppi

20. Staðfesting á tilnefningu Skaftárhrepps í stjórn Eldvilja

Fundargerðir til samþykktar

2. Fundargerð 112. fundar skipulagsnefndar 19.08.2015.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi. Sveitarstjóri og oddviti ásamt Snorra Baldurssyni þjóðgarðsverði Vatnajökulspjóðgarðs, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur formanni svæðisráðs, Ólafíu Jakobsdóttur forstöðumanni Kirkjubæjarstofu fóru á fund Umhverfisráðherra í júní þar sem farið var yfir málefni og stöðu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Umhverfisráðherra hefur lýst áhuga sínum á að vinna að framgangi málsins og hefur nú fengið Dr. Bjarna Reynarsson til að fara yfir málið og hefur hann þegar verið í sambandi við sveitarstjóra, oddvita og skipulags- og byggingarfulltrúa. Hann hefur óskað eftir því að eiga fund með sveitarstjórn á næstu vikum. Fundur sveitarstjóra, oddvita og verkefnisstjóra „Skaftárhrepps til framtíðar“ með Ríkiseignum fór fram 16.júní. Farið var yfir stöðu ríkisjarða í sveitarfélaginu þar sem áhersla var lögð á að ríkisjörðum sem væru að losna yrði komið í ábúð að nýju eða að öðrum kosti seldar. Huga þurfti að ýmsu viðhaldi innanhúss á fasteignum sveitarfélagsins á Skerjavöllum 1,3 og 5 þar sem nýjir leigjendur komu í öll húsin á svipuðum tíma.

Bjarki Guðnason hefur nú tekið við starfi slökkviliðsstjóra og vill sveitarstjórn koma á framfæri þökkum til Guðmundar Vignis Steinssonar fyrir hans störf sem slökkviliðsstjóri.

### Dagskrá

#### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Staðfesting á kosningu oddvita.

*Þann 10. júlí fór fram rafræn kosning á oddvita og var Eva Björk Harðardóttir kjörin oddviti til eins árs af meirihluta sveitarstjórnar (HGÁ, BB 1. varamaður D lista og EBH). Tveir fulltrúar sitja hjá (GII, JG)*

*GII og JG óska eftirfarandi bókunar;*



*Samkvæmt 7. grein samþykktá Skaftárhrepps skal kjósa oddvita árlega. Jafnframt skal þegar að lokinni kosningu oddvita kjósa varaoddvita. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti. Umboð oddvita rann út þann 25. júní s.l.. Það sama teljum við að eigi við um umboð varaoddvita, þrátt fyrir það að skipt hafi verið um varaoddvita á fundi sveitarstjórnar þann 13. mars s.l..*

Oddviti óskar eftir fundarhléi

*HGÁ, EBH og BG óska eftirfarandi bókunar;*

*Meirihluti sveitarstjórnar lýtur svo á að kjörtímabil oddvita og varaoddvita sé til eins árs í senn óháð hvenær þeir eru kosnir. Við munum leita álits Innanríkisráðuneytisins og stefnum á að leiðrétta oddvitakosningu á næsta fundi ef þörf er á. Þökkum minnihluta sveitarstjórnar fyrir þessa ábendingu.*

*BG, HGÁ og EBH staðfesta kjör oddvita, GII og JG sitja hjá.*

2. Ákvörðun daggjalda á afrétti 2015 til staðfestingar

*Sveitarstjórn staðfestir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreiknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs í júní 2015.*

*Daggjöld 2014 voru 13.407 m.v. við vísitölu í júní 2014 sem var 422,8 stig. Vísitala í júní 2015 er 429,3 og verða daggjöld árið 2015 því 13.613*

*Daggjöld staðfest af sveitarstjórn*

3. Erindi Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur dags. 14.07.2015

*Sveitarstjóra falið að halda samráðsfund með hjúkrunarforstjóra Klausturhóla, formanni rekstrarnefndar Klausturhóla, fulltrúa félags eldri borgara ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa í samráði við arkitekt hússins um nýtingu rýmis á neðri hæð Klausturhóla.*

4. Erindi frá Orkustofnun um stöðvun vatnaveitinga útá Eldhraun frá 1. september n.k. dags. 05.08.2015.

*Sveitarstjóra falið í samvinnu við lögfræðing sveitarfélagsins að svara erindi Orkustofnunar fyrir tilskilinn frest 22. ágúst n.k..*

5. Styrkbeiðni frá Bjsv. Stjórnunni. dags. 11.08.2015.

*Sveitarstjórn samþykkir styrkbeiðnina um niðurfellingu fasteignagjalda. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.*

6. Tilnefning fulltrúa í verkefnisstjórn Skaftárhreppur til framtíðar.

*Vegna ákvörðunar um fjölgunar fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn Skaftárhreppur til framtíða tilnefnir sveitarstjórn Auði Guðbjörnsdóttur.*

7. Erindi Jóns Hjartarsonar um losun rotþróa fyrir sumarbústaðaeigendur. dags. 11.06.2015.



Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og tekur undir að þörf sé á úrlausnum. Sveitarstjóra falið að kynna sér málið nánar og skoða möguleika á útfærslum.

## 8. Viðauki við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015.

Yfirlit í samræmi við auglýsingu nr. 790/2001			Viðauki við fjárhagsáætlun			Samantekt allra viðauka.		
nr	Málaflokkur	Skýring	RT - rekstrar tekjur þús.kr	RÚ - rekstrar útgjöld þús.kr.	Samtals viðauki - RT-RÚ þús.kr	Upphafleg áætlun Rekstrar-niðurstaða	Samtals viðaukar Rekstrar-niðurstaða	Fjárhagsáætlun m.viðaukum Rekstrar-niðurstaða
<b>A- hluti</b>								
00	Skatttekjur				0	-317.191	0	-317.191
02	Félagsþjónusta				0	17.303	0	17.303
03	Heilbrigðismál				0	0	0	0
04	Fræðslu- og uppeldismál			1.657	1.657	155.676	1.657	157.333
05	Meningarmál			0	0	15.677	0	15.677
06	Æskulýðs- og íþróttamál			411	411	58.946	411	59.357
07	Brunamál og almannavarnir				0	4.887	0	4.887
08	Hreinlætismál				0	19.417	0	19.417
09	Skipulags- og byggingarmál				0	5.977	0	5.977
10	Umferðar og samgöngumál				0	3.480	0	3.480
11	Umhverfismál				0	1.885	0	1.885
13	Atvinnumál				0	16.567	0	16.567
20	Framlög til B- hluta				0		0	0
21	Sameiginlegur kostnaður			907	907	31.843	907	32.750
22	Breyting lífeyrisskuldbindinga				0		0	0
27	Óvenjulegir liðir				0		0	0
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				0	-7.921	0	-7.921
31	Eignasjóður			1.740	1.740	-24.125	1.740	-22.385
33	Þjónustumiðstöð				0	25.895	0	25.895
59	Aðrar A-hluta stofnanir				0		0	0
91	Millifærslur				0		0	0
<b>A - hluti</b>			<b>0</b>	<b>4.716</b>	<b>4.716</b>	<b>8.316</b>	<b>4.716</b>	<b>13.032</b>
<b>B - hluti</b>								
51	Íbúðir aldraðra			0	0	-1.069	0	-1.069
55	Leiguíbúðir			250	250	-1.646	250	-1.396
57	Félagslegar íbúðir				0	472	0	472
61	Fráveita				0	-2.976	0	-2.976
63	Sorporka				0	-8.575	0	-8.575
<b>B - hluti</b>			<b>0</b>	<b>250</b>	<b>250</b>	<b>-13.794</b>	<b>250</b>	<b>-13.544</b>
<b>A - og B - hluti</b>			<b>0</b>	<b>4.966</b>	<b>4.966</b>	<b>-5.478</b>	<b>4.966</b>	<b>-512</b>
<b>Rekstur</b>								
Útfærð ákvörðun hvernig viðauka er mætt.								
nr.	Aðgerð	Skýring	Samt. þús.kr					
	Handbært fé		4.966					

Viðauki samþykktur.

9. Erindi frá Gísla Kjartanssyni varðandi lagningu slitlags frá Strákalæk að Geirlandi. dags. 10.07.2015.

Sveitarstjórn þakkar Gísla fyrir erindið. Sveitarstjórn tekur undir að viðhaldi vegarins er ábótavant líkt og á fleiri vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að vera í sambandi við Vegagerð með úrbætur í huga.



## 10. Ársreikningur Klausturhóla 2014

*Sveitarstjóri fer yfir helstu niðurstöður ársreiknings 2014. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með jákvæða niðurstöður ársreikningsins og samþykkir ársreikninginn.*

## 11. Umsókn um nýtt rekstarleyfi að Hamrafossi frá Fosslögnum ehf. dags. 15.07.2015

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

## 12. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis Tréæð ehf. á Glacier view Guesthouse. dags. 11.06.2015.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

## 13. Breyting á rekstrarleyfi að Dalshöfða. dags. 06.08.2015

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

## 14. Breyting á rekstrarleyfi Geilar ehf. dags. 13.07.2015

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

## 15. Erindi frá Erni Karlssyni um lagningu þriggja fasa rafmagns í Meðallandi. dags. 17.08.2015

*Sveitarstjórn þakkar Erni erindið. Sveitarstjórn hefur lagt áherslu á það í sinni vinnu að lagning þriggja fasa rafmagns verði unnin samhliða ljósleiðaralagningu. Oddviti og sveitarstjóri fara á fund Iðnaðarráðherra 25. ágúst n.k. þar sem málið verður tekið upp. Sveitarstjóra falið að senda formlega beiðni til RARIK í samvinnu við verkefnisstjóra „Skaftárhreppur til framtíðar“ um lagningu þriggja fasa rafmagns samhliða ljósleiðara.*

## 16. Frestun á ráðningu í starf íþrótt- og tómsfundafulltrúa.

*Sveitarstjórn samþykkir að ekki verði ráðið í starfið að sinni.*

## 17. Málefni slökkviliðs Skaftárhrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir að færa hluta af þeirri fjárhæð sem áætluð var í endurbætur húsnæðis í kaup á búnaði fyrir slökkvilið.*

## 18. Aðalfundur Hulu b.s. 31. ágúst 2015

*Sveitarstjóri verður fulltrúi Skaftárhrepps á aðalfundinum.*

## 19. Úttekt á aðgengi fatlaðs fólks á opinberum byggingum í Skaftárhreppi

*Sveitarstjórn mun taka þátt í úttektinni og felur skipulags- og byggfulltrúa að framkvæma úttektina fyrir Skaftárhrepp.*

## 20. Staðfesting á tilnefningu Skaftárhrepps í stjórn Eldvilja ehf.



Sveitarstjórn staðfestir tilnefningu Jónu Björk Jónsdóttur frá 24. júní s.l. í stjórn Eldvilja ehf. sem fór fram með rafrænni kosningu.

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 105. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla. 23.06.2015

*Fundargerð rekstrarnefndar samþykkt.*

2. fundargerð 112. fundar skipulagsnefndar 19.08.2015

### Skipulagsmál:

#### 1. Orustustaðir – Deiliskipulag hótels í landi Orustustaða

Lagt er fram uppfært deiliskipulag vegna Orustustaði í Skaftárhreppi. Í skipulaginu felst að deiliskipulag er svæði fyrir hótél í landi Orustustaða. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunnar er varðar mótun byggðar og skilmálum er varðar útlit bygginga og efnisval.

*Nefndin fer fram á nánari skilgreiningu innan deiliskipulags á útliti og gerð starfsamannahúss á reit B2. Að öðru leiti er ekki gerð athugasemd við skipulagið. Talið er að athugasemdum skipulagsstofnunar hafi verið mætt innan hins uppfærða skipulags. Nefndin leggur til að skipulagið verði auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 eftir að tekið hefur verið tillit til athugasemda nefndarinnar. Fulltrúa skipulags – og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

### Byggingarmál.

#### 2. Orustustaðir – Byggingarleyfi

Hreiðar Hermansson kt. sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu íbúðarhúss að Orustustöðum. Húsið er staðsett utan deiliskipulags í auglýsingu.

*Byggingaráform samþykkt. Gerð er athugasemd vegna nálægðar við lóð Orustustaða 208957. Lega lóðar liggur ekki nákvæmlega fyrir samkv.afsali þess efnis. Málið verði grenndarkynnt áður en framkvæmir hefst. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu, skilgreina legu nálægðrar lóðar í samstarfi við fulltrúa eigenda lóðarinnar og setja út staðsetningu nýs byggingarreits.*

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

Önnur mál.

*Eva Björk Harðardóttir lýsir sig vanhæfa og viku af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir tekur við fundarstjórn.*

#### 4. Umsókn um breytta notkun lóðar – Selhólavegur 10

Kristján Sumarliði Guðmundsson kt:0510565829 og Erla Ósk Sigurðardóttir Færset kt:2303592109 óska eftir að lóð þeirra að Selhólavegi 10 verði skráð íbúðarhúsalóð en ekki sumarhúsalóð samkv. meðfylgjandi umsókn.

*Nefndin leggst gegn því að notkun lóðarinnar verði breytt. Nefndin telur málið sé fordæmisgefandi gagnvart breyttri notkun annarra sumarhúsalóða í sveitarfélaginu. Að*



*öðrum kosti verði aðalskipulagi og deiliskipulagi breytt til samræmingar m.v. breytta notkun svæðisins á kostnað landeigenda.*

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Eva Björk Harðardóttir mætir aftur inná fund og tekur við fundarstjórn.*

*Fundargerðin í heild sinni samþykkt.*

### **III. Fundargerðir til kynningar.**

1. Fundargerð 829. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. 03.07.2015. *Fundargerð kynnt*
2. Fundargerð 165. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 29.05.2015. *Fundargerð kynnt*
3. Fundargerð 166. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 03.07.2015 *Fundargerð kynnt*
4. 495. fundur stjórnar SASS. 05.06.2015. *Fundargerð kynnt*
5. 496. fundur stjórnar SASS. 07.08.2015. *Fundargerð kynnt*
6. Fundargerð 13. fundar stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi. 09.06.2015. *Fundargerð kynnt*
7. Fundargerðir 15. -20. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs. 30.06.2015. *Fundargerðir kynntar*
8. Fundargerð verkefnisins „Skaftárhreppur til framtíðar“. 02.07.2015. *Fundargerð kynnt*
9. Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu. 12.06.2015. *Fundargerð kynnt*

### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Ársreikningur SASS 2014 og minnisblað með ársreikningi. 06.05.2015 *kynnt*
2. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira. 01.07.2015 *kynnt*
3. Umsögn sambandsins um þrjú erindi sem varða undanþágur frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða. 03.07.2015 *kynnt*
4. Minnisblað frá sambandi íslenskra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárhagsáætlana árið 2016. 29.06.2015 *kynnt*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 17. september á Kirkjubæjarstofu kl. 13:00

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.50

---

Eva Björk Harðardóttir

---

Jóhannes Gissurarson

---

Guðmundur Ingi Ingason

---

Bjarki V. Guðnason

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir